Til sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneytisins

v.t. Þórhallur Ottesen

26. apríl 2011

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um bann við notkun haukalúða

LS hefur fengið til umsagnar drög að reglugerð um bann við notkun haukalóða við veiðar á lúðu.

LS mótmælir harðlega efni reglugerðardraganna.

LS bendir á áðursent bréf til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dags. 11. júni 2010 þar sem félagið er eindregið þeirrar skoðunar að styrking lúðustofnsins felist ekki í að friða lúðu sem er eldri en 10 ára, sem er 90% af lúðuafla þeirra aðila sem stunda beinar veiðar á lúðu.

Tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar varðandi þá aðferð við uppbygging fiskistofna gengur þvert á stefnu hennar gagnvart öðrum fisktegundum þar sem áhersla er lögð á friðun ungfisks við uppbyggingu. Skýringa er þörf frá stofnuninni hvers vegna það á ekki við um lúðuna.

LS beinir því til SLR að framkvæma athugun á áðurframkomnum tillögum um styrkingu lúðustofnsins með því að skylt verði að sleppa allri lúðu styttri en 80 cm. Sú leið hefur verið reynd hjá nokkrum þjóðum og hefur skilað góðum árangri í uppbyggingu stofnsins.

LS vekur athygli ráðuneytisins á að lúðuveiðimenn sem stundað hafa veiðarnar sl. áratugi upplifa stöðugleika í veiðunum bæði hvað magn og samsetningu afla varðar. Veiðarnar eru arðbærar og hafa að hluta til fyllt þá verðmætaskerðingu sem lokun markaða með leigukvóta og skerðing þorskveiða hefur leitt af sér.

LS lýsir sig reiðubúið til samstarfs við SLR og Hafró um upplýsingar um ástand lúðustofnsins og tillögugerð sem miða að því að styrkja stofninn. Í því sambandi er bent á sérfræðingahóp LS um lúðuveiðar og gríðarlegan upplýsingabanka um lúðu í N-Atlantshafi sem unnin hefur verið hjá Hafrannsóknastofnuninni í Nova Scotia. Samstarf hefur verið með þeirri stofnun og lúðuveiðimönnum á Íslandi þar sem m.a. liggur fyrir að lúðan ferðast milli heimsálfa, sem gefur sterkar vísbendingar um að hér við land sé ekki sérstakur staðbundinn stofn.

Að lokum krefst LS þess að gögn Hafrannsóknastofnunarinnar um stofnmælingu á lúðu verði yfirfarinn af hlutlausum aðilum. Félagið efast um aðferðarfræði stofnunarinnar að hægt sé að mæla stofnstærð útfrá veiðum á veiðafæri sem ekki er notað við viðkomandi veiðar.

LS leggur áherslu á að málefni útgerða sem stundað hafa beinar lúðuveiðar verði leyst á annan hátt en að banna veiðarnar, má þar benda á takmörkun sóknar með veiðileyfum.

Virðingarfyllst

_____

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hjálagt: Yfirlit um lúðuafla sem seldur
var á fiskmörkuðunum 2009